



**Afmælikveðja  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
til Samtakanna '78**

Mikið er það vel til fundið hjá Samtökunum '78 að fagna 40 ára afmæli sínu með útgáfu þessa veglega rits. Saga verður aldrei sögð í eitt skipti fyrir öll, aldrei skráð þannig að öllum líki og ekki verði um deilt. Aldrei verður til einn sannleikur. En við verðum að leitast við að þekkja okkar fortíð, segja frá henni og öllum hennar blæbrigðum og álitamálum, horfa yfir víðan völl en skima líka inn í hvern krók og kima. Þannig getum við lært af því sem miður fór og einsett okkur að gera betur í framtíðinni. Þannig heiðrum við einnig minningu og atbeina þeirra sem börðust fyrir bættum heimi, gegn hleypidómum og kreddu, órétti, ógn og illsku.

Saga hinsegin fólks á Íslandi var lengstum saga þeirra sem ekki máttu tjá ást sína og þrár, leyfa sér að vera þeir sjálfir. Rétturinn til að þvinga og þröngva, sýna hatur og heift, var ríkari réttinum til að elska og elskast í friði.

Blessunarlega hefur okkur miðað í rétta átt. Á Íslandi ríkir ástfrelsi og fólk er frjálst að tjá sig og skilgreina sína stöðu í samfélaginu að eigin vild. Þannig á það vera. Þannig virkar öflugt og heiðarlegt samfélag. Vissulega náum við víst aldrei að skapa paradís á jörð þar sem öllum líður eins vel og best verður á kosið, þar sem allir ná að njóta sín á eigin forsendum, í sátt við sig sjálfa og samborgara sína. En í þá átt þurfum við samt að stefna, rétt eins og við verðum að hafa sannleiksást að leiðarljósi þegar við rýnum í liðna tíð þótt við vitum fullvel að lokatakmarkið næst aldrei.

Og alltaf steðja ógnir að. Stundum er það grátbroslegt hvernig fólk getur fyllst ótta við þá sem eru hinsegin – homma og lesbíur, transfólk og aðra. En það getur líka verið ógnvekjandi, hættulegt, hræðilegt. Ótti kveikir stundum illsku. Gegn þeirri vá þurfa þeir að standa saman sem vilja verja samfélag laga og réttar, umburðarlyndis og samkenndar, frelsis og atorku. Fáí reiði og heift að ríkja á einu sviði er hætt við að illa fari víðar.

Áfram er því verk að vinna. Áfram þarf að berjast gegn ótta og ugg, gegn fordómum og fáfræði. Samt er það nú svo að róðurinn virðist sem betur fer

sífelld léttari. Nú um stundir, fjórum áratugum eftir stofnun samtakanna, er staða hinsegin fólks í samfélaginu allt önnur og betri. Samtökin hafa einnig þróast og breyst. Innan þeirra er rúm fyrir alls kyns ágreining og áherslumun, enda væri það frekar öfugsnúið ef fjölbreytni og umburðarlyndi skipaði ekki öndvegi innan Samtakanna '78. Í hinni eilífu réttindavernd ber einmitt varast að þröngsýni skjóti rótum þar sem síst skyldi, varast að sjálfsögð hagsmunagæsla leiði til þess að fólk verði ofurviðkvæmt eða hörundsárt.

Hinsegin fólk á auðvitað að ráða för sjálft í eigin sagnaritun og sjálfsskoðun. En það er eins og við hin, ófullkomið, misjafnt og breyskt. Þessar margslungnu línur ættu að sjálfsögðu sjást í fortíðarspeglinum.

Megi þetta rit ná þeim tilgangi að auka vitneskju okkar um Samtökin '78, merka sögu þeirra og aðdáunarverða baráttu fyrir frelsi og jafnrétti, þekkingu og umburðarlyndi, okkur öllum til heilla.